

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	13.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmaslóð 8-10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Marcin Wancki	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust. Engar athugasemdir eða ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Olíudreifingu ehf. í Vestmannaeyjum, Gestur Guðjónsson og Marcin Wancki voru fulltrúar rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Olíudreifing ehf. er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 31. janúar 2018 og gildir það til 2034.

Starfsleyfið tekur til geymslu á olíum þ.m.t. bensíni í geymum félagsins. Búnaði til móttöku og afhendingu á olíum og rekstri löndunar- og afgreiðslulagna á bryggju.

Gegnumstreymi bensíns skal vera minna en 5.000 tonn á ári. Heimil móttaka á úrgangsolíu.

Dagskrá:

- Fundur
 - tíðni vettvangsheimsóknna (eftirlita) og kerfisbundið mat á áhættu
 - frávik og athugasemdir fyrri ára
 - kröfur í nýju starfsleyfi stöðvarinnar
 - skil á árlegum skýrslum og mælingum
 - umhverfismarkmið
 - mengunaróhöpp og tilkynningar til Umhverfisstofnunar
 - deiliskipulag og umhverfisskýrsla
 - ábendingar og kvartanir
- Skoðun í olíubirgðastöðinni

1.a - Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Með nýrri reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit er ekki lengur tilvísun í eftirlitsflokk mengandi starfsemi. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu skal ráða tíðni eftirlits. Farið var yfir hugmyndir um áhættumatið með rekstraraðila og hvað er lagt til grundvallar.

1.b - Frávik og athugasemdir fyrri ára

Í síðasta eftirliti var fundið að vatnshalla á götu við olíubirgðastöðina og vatnsaga aaf götunni í niðurföll tengd olíuskilju við áfyllingarplan. Eins voru í gangi framkvæmdir í gangi á baklóð við olíubirgðastöðina (lóðinni Kleifum 7) og hafði girðing um olíubirgðastöðina verið rofin.

Skoðun nú leiddi í ljós að bæði atriði eru nú komin í réttan farveg og því engin eftirmál af þessu.

1.c - Kröfur í nýju starfsleyfi stöðvarinnar

Nýtt starfsleyfi var gefið út 31. janúar 2018 og farið var yfir kröfur starfsleyfisins. Sambærilegar kröfur voru í eldra starfsleyfi stöðvarinnar.

Áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs liggur fyrir. Eins viðbragðsáætlun byggð á áhættumati.

Bent var á að dagsetning á áætlunum og útgáfunúmer auðvelda að halda utanum endurskoðun þeirra.

Mælingar á olíuleifum í frárennsli stöðvarinnar skulu nú framkvæmdar á þriggja ára fresti en oftar ef ástæður eru til.

Mæling á frárennsli í vesturporti stöðvarinnar var framkvæmd þegar eftirlitið var í gangi og stóðst kröfur. Í austurporti stóð vatn uppi á áfyllingarplaninu og var það greinilega stíflað. Frávik er skráð á frárennsli búnaðar í austurporti.

Þjónusta þarf olíuskilju og laga stíflu í frárennslinu. Árekstrarvarnir við loka í frárennsli þróar og olíuskiljulok myndu gera búnaðinn sýnilegri og hlífa honum, sérstaklega þegar snjóir leggst yfir búnaðinn.

Prófa skal olíulagnir og olíugeyma eftir kröfum í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Kröfur um skráningar og kröfur um tilkynningar eru sambærilegar við kröfur í fyrra starfsleyfi.

1.d - Skil á árlegum skýrslum og mælingum

Í stöðinni eru ellefu olúgeymar. Fimm þeirra hafa verið þykktarmælir á síðustu 10 árum. Sex geymar sem þykktarmældir voru árið 2008 skyldu endurmældir árið 2018 en niðurstöður mælinga á þeim hafa ekki borist til Umhverfisstofnunar. Þetta skráist sem frávik frá kröfum starfsleyfis.

Tvær lagnir liggja niður á bryggju, þ.e. olíulögn og bensínlögn. Samkvæmt gögnum Umhverfisstofnunar voru þær síðast þrýstiprófaðar árið 2013 og átti því að endurprófa þær á árinu 2018. Þetta skráist sem frávik frá kröfum starfsleyfis.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnna lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin í Vestmannaeyjum hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

1.e - Umhverfismarkmið

Afhentur var bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið og rætt um mikilvægi þess að starfsmenn séu upplýstir um umhverfismarkmið í fyrirtækinu. Að allir séu að róa samtaka og í sömu átt að því að ná markmiðunum.

1.f - Mengunaróhöpp og tilkynningar til Umhverfisstofnunar

Áhersluverkefni eftirlitsmanna í mengunarvarnarefiliti þetta árið er að fara yfir og skýra hvernig standa skal að tilkynningum til stofnunarinnar vegna mengunaróhappa. Lögð var áhersla á að tilkynningar til stofnunarinnar skal senda á tölvupóstfangið ust@ust.is.

1.g - Deiliskipulag og umhverfisskýrsla

Deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið við Eiði var endurskoðað 14. desember 2017. Með nýju útgáfunni var lóð olíubirgðastöðvarinnar að Eiði 2 færð inn í deiliskipulagið. Með tillögu að breyttu deiliskipulagi fylgdi umhverfisskýrsla sem nær til olíulagna sem flytja olíu og ofanjarðargeyma fyrir jarðefnaeldsneyti. Þar er bent á kröfur til búnaðarins og eins að varna skuli því að vatnsagi vegna ofanvatns geti streymt inn á lóðina og í olíuskiljur við áfyllingarplön. Með þessum kröfum er dregið verulega úr líkum á neikvæðum umhverfisáhrifum.

1.h - Ábendingar og kvartanir

Engar ábendingar eða kvartanir vegna reksturs olíubirgðastöðvarinnar hafa borist á milli vettvangsheimsóknna. Vottunaraðili umhverfisstjórnunarkerfis gerði ekki athugasemdir við starfsemi rekstraraðila í Vestmannaeyjum.

Skoðun í olíubirgðastöðinni

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær), olíuskiljur og fráveitumál. Eins og áður hefur komið fram var skráð frávik á frárennsli áfyllingarplans í austurporti.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæðum í grein 3.5 í starfsleyfi um frárennsli.	Niðurfall á áfyllingarplani var stíflað. Þjónusta þarf búnaðinn. Tilkynning barst um að niðurföll við bensínáfyllingarplan hefði verið hreinsað og því verður engin eftirfylgni vegna þessa.
ákvæði í grein 4.2 í starfsleyfi um eftirlitsmælingar.	Sex geymar hafa ekki verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Mælingar á geymunum hafa síðan borist og stofnunin samþykkt þær. Engin eftirfylgni er því vegna þessa.
ákvæði í grein 4.2 í starfsleyfi um eftirlitsmælingar	Olíulagnir fyrir olíu og bensín hafa ekki verið þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum. Þrýstiprófanir á löndunarlögnum hafa nú borist og því engar eftirfylgni þörf.

ÁBENDINGAR

Engar athugasemdir eða ábendingar voru gerðar.


ANNÆÐ

Afhentur var bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.07.2019



Gottskálk Friðgeirsson